

Matvælaráðuneyti
Borgartún 26
108 Reykjavík

Garðabær, 6. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0080
SS/ERU

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um velferð dýra.

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um velferð dýra nr. 55/2013 hafa verið birt í Samráðsgátt Stjórnvalda. Matvælaráðuneytið hefur óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarpsdrögin.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér frumvarpsdrögin og telur þær breytingar á lögnum sem þar eru kynntar almennt vera til bóta. Stofnunin vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri um einstakar greinar frumvarpsins.

Varðandi 1. grein þar sem skilgreining á nýjum tölulið bætist við 3. grein laganna um skilgreiningar. Ekki er gerð athugasemd við að bæta skilgreiningu á dýragarði við. Hins vegar telur Náttúrufræðistofnun að nauðsynlegt sé að bæta við annarri skilgreiningu, sem er skilgreining á meindýri. Fjallað er um meindýr í 28. grein laganna en ekki kemur fram um hvaða dýrategundir það ákvæði gildir.

Í 2. grein frumvarpsins er lagt til að breyting verði á 4. grein laganna þannig að stofnað verði dýravelferðarráð sem taki yfir hluta af núverandi hlutverks fagráðs um velferð dýra sem leggja á niður. Einnig verður stofnuð ný nefnd um dýr sem eru notuð í vísindaskyni og fjallar 3. grein frumvarpsins um það. Náttúrufræðistofnun telur þessa breytingu og uppskiptingu í tvö ráð/nefndir jákvæða en telur einnig að umfjöllum um hlutverk og starfsemi dýravelferðarráðs sé full takmörkuð í frumvarpinu og að skilgreina þurfi hlutverkið betur, og til jafns við ítarlega lýsingu á hlutverki og starfsemi nýrrar nefndar um dýr sem eru notuð í vísindaskyni. Fram kemur að dýravelferðarráðið skuli vera til ráðgjafar, en ekki fyrir hvern sú ráðgjöf á að vera eða hvenær hún eigi að fara fram. Einnig ætti að koma fram að dýravelferðarráðið setji sér starfsreglur, leiti sér ráðgjafar hjá fagaðilum eftir þörfum o.s.frv. Náttúrufræðistofnun telur einnig mikilvægt að tryggt sé að í starfi dýravelferðarráðs sé fagþekking um villt dýr og lífshætti þeirra til staðar. Ekki er öruggt að fulltrúar tilnefndir af Dýralæknafélagi Íslands eða hagsmunasamtökum um velferð dýra séu sérfræðingar um villt dýr. Skoða ætti hvort ástæða sé til að fagstofnanir eins og Náttúrufræðistofnun, Náttúrustofur eða Hafrannsóknarstofnun eigi fulltrúa í dýravelferðarráði. Ef ekki þarf að tryggja með starfsreglum að leitað sé ráðgjafar frá fagstofnunum eða öðrum sérfræðingum um málefni villtra dýra þegar þau eru til umfjöllunar í ráðinu.

Í 3. grein frumvarpsins er hlutverki nýrrar nefndar um dýr sem eru notuð í vísindaskyni lýst. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er ekki nægilega skýrt hvort og hvernig nefndin eigi að fjalla um rannsóknir á villtum dýrum úti í náttúru landsins, þar sem rannsóknir krefjast þess að dýr séu meðhöndluð eða atferli þeirra truflað með einhverjum hætti. Tryggja þarf að það sé skýrt að verksvið nefndarinnar nái einnig yfir slík vísindi og eigi ekki bara við um meðferð tilraunadýra inni á tilraunastofum eða öðru aflokuðu rými.



Náttúrufræðistofnun Íslands telur mjög jákvætt að stofnunin hafi fengið skilgreint umsagnarhlutverk í frumvarpinu er varðar föngun, meðhöndlun og sleppingu villtra dýra sbr. breytingu á 7. gr. laganna um hjálparskyldu, 23. gr. laganna um sleppingu dýra út í náttúruna og 26. gr. um föngun og hald dýra. Mikilvægt er að útfæra frekar regluverk um samstarf, verklagsreglur, ferla o.fl. varðandi þessi atriði t.d. með reglugerðum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpsdrögin en er tilbúin til ráðgjafar um einstök mál ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

